

Verkefni 8	Kynning á hugbúnaðargeiranum á svæðinu
Markmið (SMART)	Að halda ráðstefnu/málþing í samvinnu við hugbúnaðarfyrirtækin til að kynna starfsemi þeirra á svæðinu og tengja þá kynningu við eflingu á störfum án staðsetningar og stafræna hagkerfisins. Þjóða elstu bekkjum grunnskóla og fyrsta bekk í framhaldsskóla sérstaklega á málþingið/ráðstefnuna til að kynna fyrir þeim þessa möguleika.
Stutt verkefnalýsing	<p>-Eiga samráðsfund með hugbúnaðarfyrirtækjum hverju fyrir sig og ræða hugmyndina og hvernig nálgun hvers og eins gæti verið.</p> <p>-Skipuleggja ráðstefnu/málþing haustið 2019 þar sem kynning á fyrirtækjunum færi saman við umræðu og kynningu á störfum án staðsetningar og eflingu stafræna hagkerfisins. Sérstakur fókus væri á þeim tækifærum sem hugbúnaðargeirinn veitir á þeim vettvangi og sviðsljósið sett á þau fyrirtæki sem eru framarlega í þeim málum.</p>
Framkvæmdaaðili	Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar
Samstarfsaðilar	Hugbúnaðarfyrirtæki og grunn – og framhaldsskólar
Tengsl við sóknar- áætlun 2015-2019	<p>Þetta verkefni er hægt að tengja inn í þrjú markmið og aðgerðir tengdar þeim.</p> <p>2.2. Efla samvinnu og samtal skapandi greina.</p> <p>2.2.2. Stofna til kynningar á hugbúnaðarfyrirtækjum sem þegar starfa á svæðinu. Kallað verði til umræðu um starfsaðstæður þeirra og aukna þátttöku í uppbyggingu á stafræna hagkerfinu.</p> <p>3.1. Fjölga opinberum störfum í landshlutanum sem eru skilgreind án staðsetningar.</p> <p>3.1.1. Kynning á tækifærum til fjarvinnu á svæðinu. Efnt verði til kynningarátaks um kosti og aðstæður til fjarvinnu á svæðinu. Kynnt verði góð dæmi um störf sem unnin eru í fjarvinnu á svæðinu, ásamt því að afla upplýsinga frá nágrannalöndum um slíkt. Undir þetta fellur einnig kynning á þjónustu hins opinbera við íbúa svæðisins sem mætti inna af hendi með fjarvinnu.</p> <p>1.1. Meta og mæta þörfum atvinnulífsins fyrir menntun.</p> <p>1.1.3. Fjölga nemendum í iðn- og tæknigreinum. Efla og kynna</p>

	sérstaklega iðn- og tæknigreinar sem áhugaverðan kost til náms og starfs, m.a. með samræðu/kynningu/samstarfi milli skóla og fyrirtækja. Í þessu felist einnig að skýra betur leið nemenda í starfsmenntanámi og tækifæri til háskólanáms.
Árangursmælikvarði/ar	Að ráðstefnan/málþingið sé haldin /haldið
Lokafurð	Ráðstefna/málþing
Tímarammi	Apríl 2019- september 2019
Heildarkostnaður	2.000.000,-
Framlag úr sóknaráætlun 2019	2.000.000,-